

Aðalsími DV 550 5000

FRÉTTASKOTIÐ

SÍMINN SEM ALDREI SEFUR

Hafir þú ábendingu eða vitneskju um frétt, hringdu þá í síma 550 5555. Fyrir hvert fréttaskot, sem birtist eða er notað í DV, greiðast 3.000 krónur. Fyrir besta fréttaskotið í hverri viku greiðast 7.000. Fullrar nafnleyndar er gætt. Við tökum við fréttaskotum allan sólarhringinn.

550 5555

DV

FRJÁLST, ÓHÁÐ DAGBLAÐ

LAUGARDAGUR 15. APRÍL 2000

Landbúnaðarstyrkur:

700 þúsund króna skattur

– á hverja fjölskyldu

Opinber styrkur til sauðfjárframleiðslu á tuttugu árum til ársins 2007 jafngildir nær 700 þúsund króna skatti á hverja fjölskyldu.

Nýsamþykktur sauðfjársamningur vakti blendnar tilfinningar hjá íslenskum bændum. Um 34% þeirra sem atkvæði greiddu voru mótfallin samningnum og vildu meira fjármagn inn í greinina. Samt þýðir samningurinn að 15 milljörðum króna verður varið í sauðfjárræktina á næstu sjö árum, eða um 2,2 milljörðum króna á ári. Síðasti sauðfjársamningur þar á undan var gerður 1995 og var upp á áþekka upphæð á ári samkvæmt upplýsingum frá forsvarsmönnum bændasamtakanna. Árið 1991 var einnig gerður viðlíka samningur en nokkru hærri. Þar á undan var stuðningurinn umtalsvert meiri en útflutningsbætur duttu út á árunum 1990 til 1993. Á því tímabili lækkuðu opinber framlög til sauðfjárræktar um 40 til 45% frá því sem þau höfðu verið frá árinu 1987. Ef gróflega er reiknað, miðað við verðlag í dag út frá þessum forsendum, þá verður styrkur við sauðfjárræktina við lok samningstímans 2007 orðinn um 46 milljarðar króna á tuttugu ára tímabili frá 1987. Það jafngildir hátt í 700 þúsund króna skattlagningu á hverja fjögurra manna fjölskyldu í landinu.

Sjá einnig frétt bls. 2 -HKr.



Forseti og biskup

Forseti Íslands og herra Sigurbjörn Einarsson biskup virða fyrir sér glerlistaverk eftir Bandaríkjamanninn James Chihuly á sýningu sem opnuð var á verkum hans á Kjarvalsstöðum í gær. Sýningin er sett upp í minningu Guðrúnar Katrínar Þorbergsdóttur forsetafrúar sem kynntist listamanninum er hún leitaði sér lækninga í Bandaríkjunum.

Landspítali:

Breytingar á lækningasviðum

Fjögurra manna hópur, tveir lækningaforstjórar og tveir hjúkrunarforstjórar sameinaðs Landspítala, hafa sett saman hugmyndir um breytingar á sviðakerfi hans. Hugmyndirnar hafa verið sendar hinum ýmsu stjórnendum spítalans og óskað eftir umfjöllun, gagnrýni og tillögum um breytingar.

Nú liggur fyrir að ráða í ýmsar stjórnunarstöður Landspítalans. Einhver fækkun verður á stjórnendum við sameininguna. T.d. verður aðeins einn lækningaforstjóri og einn hjúkrunarforstjóri í stað tveggja áður. Engin ákvörðun verður tekin um breytingar á sviðakerfi spítalans fyrr en ráðið hefur verið í stjórnunarstöðurnar.

Lækningasvið eru nú sjö talsins á Landspítala og sex á Landspítala í Fossvogi.

„Við sendum sex mismunandi útfærslur frá okkur," sagði Jóhannes M. Gunnarsson, lækningaforstjóri Landspítalans í Fossvogi. „Þessar grófu hugmyndir eru ólíkar innbyrðis, enda er þeim fyrst og fremst ætlað að koma á umræðu um þetta efni. Umræðan hefur verið mjög á þann veg að stóru sviðin, þ.e. skurðlækninga-, lyflækninga og geðlækningasvið séu óskipt." -JSS

Rafmagnstruflanir á Vestfjörðum

DV, ÍSAFIRÐI:

Rafmagn var óstöðugt á Vestfjörðum fyrir hádegi á föstudag og varði það ástand í nokkurn tíma að sögn Kristjáns Pálssonar, vélfræðings hjá Orkubúi Vestfjarða. Var ástæðan sú að vesturlína fór út og tók nokkurn tíma að starta varaaflstöð og tengja saman við Mjólkárvirkjun. -KS

brother P-touch 1200
Miklu merkilegri merkivél - Nýtt útlit
5 leturstærðir
9 leturstillingar
prentar í 2 línur
borði 6, 9 og 12 mm
Rafport
Nýbýlavegi 14 Sími 554 4443
Veffang: www.if.is/rafport
1380.14

Ævintýri líkast
VIDEYJARSTOFA RESTAURANT
Borðapantanir: 5621934



31 árs sjónvarpsstjarna með stórbrotnar ráðagerðir:

Vill Borgarbókasafnið

– og breyta í menningarhús fyrir börn

„Ég hef alltaf haft áhuga á börnum og barnamenningu og í Borgarbókasafninu sé ég fyrir mér menningarhús barna þar sem varpað yrði ljósi á hugmyndaheim barna eins og hann er á hverjum tíma," sagði Bergljót Arnalds, 31 árs umsjónarmaður barnatíma Skjás eins, sem sent hefur borgaryfirvöldum í Reykjavík erindi þessa efnis. Í tillögum Bergljótar er gert ráð fyrir að hún kaupi gamla Borgarbókasafnið við Þingholtsstræti en það hefur verið metið á 100 milljónir króna af fasteignasölum.

„Ég stend aðallega í þessu ein en vegna starfa minna við barnatíma Skjás eins, 2001 nótt, svo og útgáfu barnabóka og margmiðlunardiska fyrir börn, er ég í sambandi við fjölmarga aðila sem starfa á þessu sviði. Ég get því leitað víða um samstarf ef hugmyndin verður að veruleika," sagði Bergljót sem er systir Eyþórs Arnalds, forstjóra Íslandssíma. Sjálf á Bergljót eitt barn en það er nú nýfermt: „En ég var sjálf barn þegar ég átti barnið og það skýrir ef til vill áhuga minn á börnum. Í draumum mínum sé ég Borgarbókasafnið fyrir mér sem stað þar sem börn verða hvött til sköpunar og saman fari fróðleikur og skemmtun í þeirri blöndu sem hentar börnum.




Bergljót Arnalds

Börn hvött til sköpunar í menningarhúsi við Þingholtsstræti.

– En áttu 100 milljónir til að kaupa húsið?

„Um það segi ég ekkert enda tel ég ekki að málið snúist um 100 milljónir. Þetta snýst um það hvort Reykjavíkurborg hafi áhuga á því að stofna menningarhús barna í samráði við mig," sagði Bergljót Arnalds. -EIR



Borgarbókasafnið

Metið á hundrað milljónir.

Stoke á Wembley:

Ágætir sigurmöguleikar

– segir Guðjón Þórðarson, þjálfari Stoke City

DV, LONDON:

Íslendingaliðið Stoke er komið til London og mætir Bristol City í úrslitaleik á Wembley-leikvangnum kl. 12.30 að íslenskum tíma á morgun. Búist er við að þrír Íslendingar verði í byrjunarliðinu sem leikur fyrir um 80 þúsund áhorfendur.

Líkur eru á að Íslendingarnir Brynjar Björn Gunnarsson, Bjarni Guðjónsson, sonur Guðjóns, og Arnar Gunnlaugsson verði í byrjunarliði Stoke. Gríðarleg spenna ríkir á meðal stuðningsmanna liðsins og gamla Stoke-kempan Gordon Banks og einn frægasti markmaður allra tíma segir það skipta öllu máli fyrir Stoke að komast nú á Wembley. Hann segir allan anda gagnvart Stoke vera að vaxa. Hvort sem menn sigra eða ekki í leiknum á sunnudaginn þá eigi þessi leikur eftir að lifa um ókomin ár.



Guðjón Þórðarson:

„Ég er aldrei bjartsýnn en raunsær og tel möguleikana á sigri ágæta."

Guðjón Þórðarson segir að það sé mikil tilhlökkun að leiða lið sitt fyrir framan 70 til 80 þúsund áhorfendur úr keppni 46 liða í neðri deildum enska boltans. Einnig að eiga nú möguleika á því að lyfta bikar. Guðjón segist ekki áður hafa komið á Wembley, sem vissulega er Mekka fótboltans fyrir Englendinga. Hann segist mjög stoltur af því að vera kominn þetta langt og góður andi og gott andrúmsloft sé í liðinu. Guðjón segist þekkja það að spila fyrir framan 80 þúsund manns erlendis en munurinn sé sá að helmingur áhorfenda verður nú á bandi hans eigin liðs. Tillhlökkun sé að komast í þessar aðstæður. Aðspurður um hvort hann sé bjartsýnn á sigur sagði Guðjón: „Ég er aldrei bjartsýnn en raunsær og tel möguleikana á sigri ágæta." -Ótt/HKr.